

Samþykktir Stúdentaráðs

Birt þann 30. janúar 2025

I. kafli. Nafn og skipulag

▪ **1. gr.** *Nafn og starfsemi Stúdentaráðs*

Stúdentaráð Háskóla Íslands, SHÍ, er heildarsamtök og samráðsvettvangur stúdenta innan Háskóla Íslands. Heimili félagsins er skrifstofa Stúdentaráðs á Háskólatorgi við Sæmundargötu 4. Varnarþing ráðsins er í Reykjavík.

▪ **2. gr.** *Tilgangur Stúdentaráðs*

Stúdentaráð stendur vörð um hvers kyns hagsmuni stúdenta við Háskóla Íslands, svo sem menningarlega, félagslega og fjárhagslega hagsmuni. Hlutverk SHÍ er m.a. að koma fram fyrir hönd stúdenta við Háskóla Íslands gagnvart opinberum aðilum í hvers kyns hagsmunamálum svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum er snerta rétt þeirra.

Stúdentaráð skal veita þeim félagasamtökum sem starfa innan Háskóla Íslands og annast félagslíf eða hagsmunamál, ráðgjöf og leiðbeiningar eftir fremsta megni.

▪ **3. gr.** *Aðild Stúdentaráðs að öðrum samtökum*

Ráðinu er heimilt að taka þátt í störfum annarra samtaka samkvæmt samþykkt hverju sinni. Ákvörðun um skipulagsbundna aðild að öðrum samtökum lýtur sömu reglum og breytingar á þessum samþykktum.

▪ **4. gr.** *Starfstími Stúdentaráðs*

Starfsár fulltrúa Stúdentaráðs miðast við skiptafund, sem skal haldinn árlega, í síðustu viku maímánaðar.

Reikningsár Stúdentaráðs skal vera 12 mánuðir og miðast við upphaf júnímánaðar.

Ársreikningur skal vera yfirfarinn af skoðunarmanni eða endurskoðanda.

Ársreikningur Stúdentaráðs skal birtur á heimasíðu félagsins eigi síðar en fjórum vikum eftir skiptafund.

II. kafli. Stúdentaráð

▪ **5. gr.** *Fundir Stúdentaráðs*

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra stúdentaráðsfunda.

▪ **6. gr.** *Fundarboð*

Forseti skal boða til stúdentaráðsfunda með tilkynningu til hvers fulltrúa í Stúdentaráði í ábyrgðarbréfi, tölvupósti gegn staðfestingu á móttöku eða á annan jafnsannanlegan hátt. Auk þess skal tilkynning birt á vefsíðu Stúdentaráðs.

Fund Stúdentaráðs skal boða með minnst sjö daga fyrirvara.

Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Við brýna nauðsyn er forseta heimilt að boða til fundar með styttri fyrirvara, en þó aldrei styttri en sólarhring fyrir fund.

▪ **7. gr. Lögmæti fundar**

Stúdentaráðsfundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja stúdentaráðsliðar sem hafa yfir að ráða 2/3 atkvæða í félaginu að minnsta kosti.

Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja stúdentaráðsliðar sem ráða yfir helmingi atkvæða í félaginu hið minnsta.

▪ **8. gr. Atkvæðagreiðsla**

Hver stúdentaráðsliði fer með eitt atkvæði.

III. kafli. Stjórn Stúdentaráðs

▪ **9. gr. Skipan stjórnar**

Stjórn félagsins skal skipuð forseta, varaforseta og forsetum allra sviðsráða. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli stúdentaráðsfunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Nú hefur fylking fulltrúa í Stúdentaráði engan fulltrúa í stjórn, og skal hún þá hafa áheyrnaraðild að stjórn.

Forseta ber að veita stjórnarmönnum, endurskoðendum eða skoðunarmönnum, allar upplýsingar um rekstur og starfsemi félagsins sem þeir kunna að óska eftir eða veita ber samkvæmt lögum eða þessum samþykktum.

Meirihluti atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði forseta afgreiðslu mála.

Undirskriftir fjögurra stjórnarmanna skuldbinda félagið, enda hafi stjórnarfundur ályktað um það.

Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.

Stjórn getur þó aðeins skuldbundið félagið með verulegri og óvenjulegri ráðstöfun, sé það samþykkt á stúdentaráðsfundi.

▪ **10. gr. Fundir stjórnar**

Stjórnarfundir eru lögmætir ef þeir hafa verið réttilega boðaðir samkvæmt þessari grein og fjórir stjórnarmenn sækja fund.

Framkvæmdastjóri skal halda fundargerð um stjórnarfund.

Forseti boðar til stjórnarfunda með tölvupósti eða með öðrum jafnsannalegum hætti. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

IV. kafli. Skrifstofa

▪ **11. gr. Hlutverk skrifstofu**

Fulltrúar Stúdentaráðs á skrifstofu ráðsins fara með daglegan rekstur Stúdentaráðs og hafa umsjón með framkvæmdum ráðsins.

- Fulltrúar á skrifstofu Stúdentaráðs sækja umboð sitt til Stúdentaráðs og stjórnar Stúdentaráðs og lúta ákvörðunum þeirra.
- Á skrifstofu Stúdentaráðs starfa forseti, varaforseti, framkvæmdastjóri, hagsmunafulltrúi, menntasjóðsfulltrúi, alþjóðafulltrúi og ritari.

▪ **12. gr. Skipan skrifstofu**

- Forseti, varaforseti, hagsmunafulltrúi og menntasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs skulu kjörnir á kjörfundi, samkvæmt ákvæðum um kjörfund.
- Aðrir fulltrúar á skrifstofu Stúdentaráðs eru ráðnir af Stúdentaráði. Forseti og oddvitar þeirra fylkinga er eiga fulltrúa í Stúdentaráði skipa ráðningarnefnd sem fer fyrir ráðningarferli fulltrúanna. Varafulltrúar oddvita í ráðningarnefnd eru fyrirvarsmenn fylkinganna. Ráðningarnefnd leggur tillögu um ráðningu hvers fulltrúa fyrir stjórn Stúdentaráðs sem staðfestir tillögu nefndarinnar. Stjórn Stúdentaráðs upplýsir um ráðninguna á næsta fundi ráðsins.
- Auglýsa þarf störf fulltrúa samkvæmt þessari grein laus til umsóknar, með skýrum hætti m.a. á opinberu vefsvæði Stúdentaráðs og með tölvupósti til stúdenta, minnst viku áður en umsóknarfrestur líður.

▪ **13. gr. Forseti**

- Forseti hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða rekstur eða starfsemi þess.
- Forseti sækir umboð sitt til Stúdentaráðs og til stjórnar þess og getur einungis skuldbundið félagið að því leyti sem stjórn eða Stúdentaráð fela honum umboð til þess.

▪ **14. gr. Varaforseti**

- Við forföll forseta skal varaforseti Stúdentaráðs almennt vera staðgengill hans.
- Hlutverk varaforseta felst einnig í því að vera helsti tengiliður Stúdentaráðs við fastanefndir Stúdentaráðs, og önnur nemendafélög innan háskólans, og veita þeim aðstoð eftir því sem þurfa þykir.

▪ **15. gr. Hagsmunafulltrúi**

- Hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs veitir hverjum stúdent sem til hans leitar liðsinni í málum er snúa að rétti þeirra, einkum gagnvart háskólanum.
- Hagsmunafulltrúa er heimil hagsmunagæsla í umboði þeirra stúdenta sem leita til hans, að því leyti sem telst eðlilegt.
- Málaskrá skal haldin um þau hagsmunamál stúdenta sem hagsmunafulltrúi sinnir.

▪ **16. gr. Menntasjóðsfulltrúi**

- Menntasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs fer fyrir og stendur vörð um hagsmuni stúdenta í málum er snúa að Menntasjóði námsmanna.
- Stúdentaráð tilnefnir menntasjóðsfulltrúa í stjórn Menntasjóðs námsmanna..
- Menntasjóðsfulltrúa er heimil hagsmunagæsla í umboði þeirra stúdenta sem leita til hans, að því leyti sem það telst eðlilegt.
- Forseta, í umboði stjórnar Stúdentaráðs, er heimilt að semja við Menntasjóð námsmanna um að menntasjóðsfulltrúi gegni þjónustuhlutverki við stúdenta. Forseta er einnig heimilt

að semja um að þjónustuhlutverk menntasjóðsfulltrúa nái til atvika eða mála utan Háskóla Íslands.

▪ **17. gr. Framkvæmdastjóri**

□ Framkvæmdastjóri fer með fjármuni félagsins, og sér til þess að ráðið sé í stakk búið til að standast við fjárhagslegar skuldbindingar, auk þess að fara með önnur verkefni sem forseti felur honum.

□ Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á rekstrarreikningi ráðsins og skilagreinum þess.

Framkvæmdastjóri skal tryggja að opinberar skráningar og bókhald sé í samræmi við lög.

▪ **18. gr. Alþjóðafulltrúi**

□ Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs fer fyrir og stendur vörð um hagsmuni erlendra stúdenta innan Háskóla Íslands.

□ Forseta, í umboði stjórnar Stúdentaráðs, er heimilt að semja við Háskóla Íslands um störf og skyldur alþjóðafulltrúa.

□ Alþjóðafulltrúi er fulltrúi Stúdentaráðs í Aurora, samstarfsneti háskóla í Evrópu.

▪ **19. gr. Ritstjóri**

□ Ritstjóri Stúdentaráðs hefur yfirumsjón með útgáfu Stúdentaráðs, í riti og á vef.

V. kafli. Sviðsráð

VI. kafli. Nefndir

VII. kafli. Kosningar

▪ **20. gr. Almenn um kosningar**

□ Á vorönn skulu kjörnir fulltrúar af öllum sviðum háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skulu auk þess kjörnir fjórir fulltrúar nemenda í háskólaráð, tveir aðalfulltrúar og tveir varafulltrúar. Sú kosning skal fara fram samhliða kosningum til Stúdentaráðs.

□ Kosningar skulu fara fram rafrænt og standa yfir í tvo sólarhringa. Kjörstjórn getur þó tekið ákvörðun um að kosning skuli einnig fara fram innan veggja háskólans.

□ Með kosningum í þessum kafla er átt við kosningar til Stúdentaráðs og til háskólaráðs, nema annað sé tekið fram.

▪ **21. gr. Kosningaréttur**

□ Kosningarétt hafa allir sem skráðir hafa verið til náms á yfirstandandi skólaári á viðkomandi fræðasviði.

□ Hver sá sem á kosningarétt hefur einungis eitt atkvæði í kosningum. Hið sama gildir um kosningu til háskólaráðs. Sé nemandi skráður til náms á fleiri en einu fræðasviði getur hann aðeins boðið sig fram og kosið á einu sviði.

□ Enginn getur neytt kosningaréttar nema nafn hans sé á kjörskrá þegar kosning fer fram.

▪ **22. gr. Kjörgengi**

□ Kjörgengur einstaklingur er hver sá sem á kosningarétt skv. 21. gr. samþykktanna.

□ Framboð til Stúdentaráðs skal innihalda framboðslista sem samanstendur af minnst tveimur frambjóðendum og mest þeim fjölda fulltrúa sem taka munu sæti í Stúdentaráði á viðkomandi sviði, auk varamanna. Framboð til háskólaráðs skulu vera framboðslistar sem samanstanda af fjórum frambjóðendum.

□ Frambjóðendur taka sæti eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir.

□ Kjörgengur einstaklingur getur þó boðið sig fram til Stúdentaráðs án þess að vera á framboðslista.

▪ **23. gr. Framkvæmd kosninga**

□ Kjörfundur skal fara fram eigi síðar en 1. apríl ár hvert, samkvæmt ákvörðun kjörstjórnar. Ákvörðun kjörstjórnar skal auglýst eigi síðar en 1. janúar.

□ Kjörstjórn er heimilt að ákveða að kjörfundur skulu fara fram á öðrum tíma en segir í 1. mgr. enda séu óviðráðanlegar aðstæður sem hindra að kosning geti farið fram fyrir þann tíma. Einnig getur kjörstjórn litið til ytri aðstæðna sem telja megi draga úr kjörsókn. Ákvörðun kjörstjórn samkvæmt þessari grein getur þó aldrei frestað kjörfundi lengur en þremur vikum eftir að frestur skv. 1. mgr. rennur út.

▪ **24. gr. Framboð**

□ Kjörstjórn skal tryggja að framboðsfrestur og skilyrði fyrir kjörgengi séu auglýst í tæka tíð. Framboðsfrestur skal vara eigi skemur en eina viku, og skal honum lokið eigi síður en 10 dögum fyrir kjörfund.

□ Framboðum skal skilað skriflega. Hverju framboði skal fylgja skriflegt samþykki allra þeirra sem í framboði eru, því til staðfestingar.

□ Frambjóðendur skulu hafa jöfn tækifæri til að kynna sín málefni og efna til kosningabaráttu að því sem eðlilegt getur talist.

□ Hver fylking sem býður fram til kosninga skal tilnefna umboðsmann sem ábyrgur er fyrir framboðinu gagnvart kjörstjórn. Umboðsmaður skal skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að gætt verði að framkvæmd kosninganna, trúnaði og að farið verði eftir reglum um kosningar í hvívetna.

▪ **25. gr. Kosningaefirlit**

□ Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja lögmæti kosninganna.

□ Kjörstjórn getur kallað til óháða aðila til að hafa eftirlit með kosningum.

□ Mæta skal öllum áhyggjum af kosningasvikum með viðeigandi rannsóknnum og úrræðum eftir atvikum, þar sem niðurstaðan skal birt opinberlega.

▪ **26. gr. Talning atkvæða**

□ Að afloknum kosningum telur kjörstjórn atkvæði og úrskurðar hverjir teljist réttkjörnir samkvæmt lögum þessum og almennum reglum um lýðræðislegar kosningar.

□ Á hverju sviði skal reikna kosningaúrslit með þeim hætti að fyrir hvern kjósanda sem kýs frambjóðanda í tiltekið sæti á ákveðnu sviði í Stúdentaráði, fær viðkomandi frambjóðandi eftirfarandi fjölda atkvæða:

i. Eitt stig fyrir 1. sæti.

ii. ½ stig fyrir 2. sæti.

iii. 1/3 stig fyrir 3. sæti o.s.frv.

- Peir frambjóðendur sem hljóta flest atkvæði á hverju sviði samkvæmt þessari talningu hljóta sæti sem aðalfulltrúar í Stúdentaráði fyrir viðkomandi fræðasvið. Peir sem næstir koma á viðkomandi framboðslista skulu vera varafulltrúar aðalfulltrúa, jafnir að tölu og aðalfulltrúar.
- Sömu reglur skulu gilda um talningu atkvæða í kosningu til háskólaráðs eftir því sem við á.

VIII. kafli: Kjörstjórn

▪ 27. gr. Skipun kjörstjórnar

- Stúdentaráð kys fyrir 1. janúar ár hvert kjörstjórn til að sjá um kosningar til Stúdentaráðs. Annað hvert ár skal sú kjörstjórn einnig sjá um kosningar til háskólaráðs.
- Kjörstjórn skal skipuð af Stúdentaráði og samanstendur af óháðum aðilum sem hafa ekki hagsmuna að gæta í kosningunum. Hver fylking tilnefnir tvo fulltrúa í kjörstjórn, sem Stúdentaráð staðfestir. Stúdentaráð kys sérstaklega um oddvita kjörstjórnar.
- Fulltrúa með sæti í Stúdentaráði, háskólaráði eða frambjóðanda er óheimilt að taka sæti í kjörstjórn.

▪ 28. gr. Hlutverk kjörstjórnar

- Kjörstjórn ræður sínum málefnum sjálf, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum þessum. Nú falla atkvæði jafnt á fundi kjörstjórnar, og ræður þá atkvæði oddvita úrslitum.
- Kjörstjórn ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd kosninga, þar með talið móttöku framboða, auglýsingu framboðsfrests og kynningu á reglum um kosningar.
- Kjörstjórn skal sjá til þess að framboðsfrestur og kjördagar séu tilkynntir með nægum fyrirvara.
- Á meðan á kosningum stendur ber kjörstjórn ábyrgð á eftirliti kosninga, öryggi kosningakerfisins og lögmæti kosninganna.
- Kjörstjórn skal tryggja að kosningar séu í samræmi við samþykktir Stúdentaráðs og íslensk lög.

▪ 29. gr. Lögmæti framboða

- Kjörstjórn skal taka við öllum framboðum, staðfesta lögmæti þeirra og tryggja að þau uppfylli skilyrði fyrir kjörgengi.
- Ef framboð uppfyllir ekki skilyrði kjörgengis, skal kjörstjórn tilkynna frambjóðanda um það eins fljótt og auðið er. Sé ókjörgengur aðili á framboðslista fylkingar, skal fylkingu veittur hóflegur frestur til að bæta úr þeim annmörkum. Sé framboðsfrestur liðinn skal þó aðeins veittur sólarhringsfrestur að hámarki.
- Kjörstjórn skal birta framboð um leið og lögmæti þeirra hefur verið staðfest.

▪ 30. gr. Kvartanir og kærur

- Kjörstjórn skal hafa formlegt ferli til að taka á móti kvörtunum og kærum vegna kosninganna.
- Þær kvartanir sem berast skal skoða eins fljótt og unnt er, og skal ákvörðun kjörstjórnar birt fylkingum í framboði og þeim sem lagði fram kvörtunina.

□ Ef kosningarnar eru taldar hafa farið fram með ólögætum hætti, hefur kjörstjórn heimild til að úrskurða um ógildingu kosninga og skipuleggja nýjar kosningar ef þörf er á. Sú ákvörðun skal borin undir Stúdentaráð til samþykktar eða synjunar, með 2/3 hluta atkvæða.

▪ **31. gr.** *Úrslit kosninga*

□ Kjörstjórn skal birta sundurliðaðar niðurstöður kosninga innan tveggja vikna eftir að atkvæðagreiðsla fer fram, og skulu þær niðurstöður birtar opinberlega.

□ Kjörstjórn skal útbúa skýrslu um framkvæmd kosninganna og niðurstöður þeirra, sem lögð skal fyrir Stúdentaráð.

▪ **32. gr.** *Vernd gagna og trúnaður*

□ Allar upplýsingar tengdar kosningunum, þar með talið atkvæði kjósenda, skulu njóta fyllsta trúnaðar.

□ Persónugögnum sem safnað er í tengslum við kosningar skal meðhöndla í samræmi við lög um persónuvernd.

□ Kjörstjórn skal gæta þess að viðkvæmar upplýsingar séu einungis aðgengilegar þeim sem hafa leyfi til að vinna með þær.

▪ **33. gr.** *Dóknun og aðföng kjörstjórnar*

□ Stúdentaráð skal veita kjörstjórn þau aðföng og þann stuðning sem nauðsynleg eru fyrir framkvæmd kosninganna, þar með talið fjármagn til að ráða sérfræðinga ef þörf krefur.

□ Kjörstjórn getur óskað eftir auknum stuðningi eða aðstoð við verkefni sem varða kosningarnar til að tryggja réttmæti og gagnsæi.

▪ **34. gr.** *Viðurlög*

□ Nú telur kjörstjórn frambjóðanda hafa brotið gegn lögum þessum og skal hann þá áminntur sérstaklega af kjörstjórn. Sé hinn brotlegi á framboðslista skal umboðsmaður hans einnig áminntur fyrir hönd listans.

□ Kjörstjórn er heimilt að birta áminninguna opinberlega enda teljist brotið verulegt eða frambjóðandi hefur ítrekað brotið af sér.

□ Kjörstjórn er heimilt að úrskurða um að framboði verði vísað úr kosningum, í heild eða hluta, enda hafi frambjóðendur þess brotið verulega alvarlega af sér. Sú ákvörðun kjörstjórnar skal borin undir stúdentaráðsfund til staðfestingar innan tveggja sólarhringa. Ákvörðunin telst staðfest hafi allir atkvæðisbærir fundarmenn greitt atkvæði með staðfestingu. Nú er úrskurður um frávisun framboðs í heild eða hluta borin undir Stúdentaráðs og er þá kjörfundi frestað, en á fundi Stúdentaráðs er ákveðið hvenær skuli halda kjörfund, en ákvæði 23. gr. á ekki við um frestun samkvæmt þessari grein.

IX. kafli. Almenn ákvæði

▪ **35. gr.** *Breytingar á samþykktum*

□ Samþykktum þessum má breyta á lögætum stúdentaráðsfundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

□ Breytingar á samþykktum þessum taka þó ekki gildi fyrr en þær hafa verið birtar á vefsíðu Stúdentaráðs.

□ Samþykktir þessar öðlast þegar gildi. Þar sem samþykktunum sleppir, koma eldri samþykktir til fyllingar.

▪ **36. gr.** *Bráðabirgðaákvæði*

□ Endurskoðun á ákvæði um talningu atkvæða skal tekin til skoðunar um leið og samþykktir þessar taka gildi. Niðurstaða endurskoðunar skal borin undir stúdentaráðsfund til samþykktar eða synjunar. Sömu reglur gilda um samþykkt eða synjun og um aðrar breytingar á samþykktum þessum samkvæmt 35. gr.

SKÝRINGAR

Á fundi Stúdentaráðs 21. maí 2024 var samþykkt tillaga um stofnun sérstaks lagaráðs sem hefur það hlutverk að semja drög að nýjum lögum Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Tillagan lagði til viðmið að þeirri vinnu yrði að mestu lokið fyrir fyrsta fund Stúdentaráðs að sumri loknu.

Í lagaráði hafa samkvæmt tillögunni forseti og varaforseti Stúdentaráðs, oddviti Röskvu og oddviti Vöku, sem og lagabreytinganefnd. Aðalfulltrúum í Stúdentaráði er heimilt að sitja fundi lagaráðs og málfrelsisrétt.

Í rökstuðningi með tillögunni segir að síðustu misseri hafi leitt í ljós þörf fyrir skýringu á þeim reglum sem gilda um störf Stúdentaráðs og nefndir þess. Þá eru reglurnar óljósar að mörgu leiti, t.a.m. er varðar fundarsköp, umboð stjórnar og skrifstofu Stúdentaráðs. Lögð var rík áhersla á mikilvægi samráðs milli aðila og að það ríki alger sátt um heildarendurskoðun á lögum Stúdentaráðs. Einnig kom fram að mikilvægt væri að endurmeta reglurnar frá grunni, en ekki einungis að hreinskrifa eða lagfæra texta laganna.

Lagaráð fundaði fyrst 25. júní 2024 og lagði línurnar fyrir starfið. Lagaráð setti sér viðmið um nýja kafla samþykktanna og ákvað að taka fyrir breytingarnar í áföngum. Lagaráð lagði fram fyrsta áfanga samþykktanna fyrir fund Stúdentaráðs þann 26. ágúst, sem var samþykktur og birtur þann 29. ágúst s.á. Fyrsti áfangi fól í sér megináherslu á I., III. og IV. kafla.

Tillagan sem um ræðir, eða annar áfangi í endurskoðun laganna, leggur megináherslu á ákvæði sem gilda um kosningar.

Líkt og gildir um þær samþykktir sem birtar voru 29. ágúst 2024 er tillagan sem liggur fyrir ekki tæmandi ákvæði í þeim köflum sem um ræðir, en þeim ákvæðum er ætlað að ganga frammar lögum Stúdentaráðs. Í þeim tilfellum þar sem samþykktirnar ná ekki til gilda eldri lög ráðsins.

Lagaráð leggur því fyrir Stúdentaráð ofangreinda tillögu til samþykktar, en eldri lög falla þó ekki úr gildi heldur koma til fyllingar á ofangreindum samþykktum við þau tilvik þar sem ofangreindar samþykktir ná ekki til.

I. kafli. Nafn og skipulag

Í þessum kafla er meira um formleg ákvæði að ræða, ákvæði sem segja til um markmið og starfsemi Stúdentaráðs, ákvæði sem gera Stúdentaráði kleift að starfa í samræmi við landslög og eiga mögulega aðild að dómsmáli.

Engar breytingar eru á I. kafla í fyrirbyggjandi tillögu.

▪ 1. gr. Nafn og starfsemi Stúdentaráðs

- Stúdentaráð Háskóla Íslands, SHÍ, er heildarsamtök og samráðsvettvangur stúdenta innan Háskóla Íslands. Heimili félagsins er skrifstofa Stúdentaráðs á Háskólatorgi við Sæmundargötu 4. Varnarþing ráðsins er í Reykjavík.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 2. gr. *Tilgangur Stúdentaráðs*

- Stúdentaráð stendur vörð um hvers kyns hagsmuni stúdenta við Háskóla Íslands, svo sem menningarlega, félagslega og fjárhagslega hagsmuni. Hlutverk SHÍ er m.a. að koma fram fyrir hönd stúdenta við Háskóla Íslands gagnvart opinberum aðilum í hvers kyns hagsmunamálum svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum er snerta rétt þeirra.
- Stúdentaráð skal veita þeim félagasamtökum sem starfa innan Háskóla Íslands og annast félagslíf eða hagsmunamál, ráðgjöf og leiðbeiningar eftir fremsta megni.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 3. gr. *Aðild Stúdentaráðs að öðrum samtökum*

- Ráðinu er heimilt að taka þátt í störfum annarra samtaka samkvæmt samþykkt hverju sinni. Ákvörðun um skipulagsbundna aðild að öðrum samtökum lýtur sömu reglum og breytingar á þessum samþykktum.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 4. gr. *Starfstími Stúdentaráðs*

- Starfsár fulltrúa Stúdentaráðs miðast við skiptafund, sem skal haldinn árlega, í síðustu viku maímánaðar.
- Reikningsár Stúdentaráðs skal vera 12 mánuðir og miðast við upphaf júnímánaðar. Ársreikningur skal vera yfirfarinn af skoðunarmanni eða endurskoðanda.
- Ársreikningur Stúdentaráðs skal birtur á heimasíðu félagsins eigi síðar en fjórum vikum eftir skiptafund.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

II. kafli. Stúdentaráð

Kaflinn um Stúdentaráð er ekki tæmandi og gilda eldri lög um Stúdentaráð því að miklu leyti um ráðið sjálft. Engin breyting er á kaflanum í fyrirliggjandi tillögu.

▪ 5. gr. *Fundur Stúdentaráðs*

- Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra stúdentaráðsfunda.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 6. gr. *Fundarboð*

- Forseti skal boða til stúdentaráðsfunda með tilkynningu til hvers fulltrúa í Stúdentaráði í ábyrgðarbréfi, tölvupósti gegn staðfestingu á móttöku eða á annan jafnsannanlegan hátt. Auk þess skal tilkynning birt á vefsíðu Stúdentaráðs.
- Fund Stúdentaráðs skal boða með minnst sjö daga fyrirvara.
- Fundarefnis skal getið í fundarboði.
- Við brýna nauðsyn er forseta heimilt að boða til fundar með styttri fyrirvara, en þó aldrei styttri en sólarhring fyrir fund.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 7. gr. *Lögmæti fundar*

- Stúdentaráðsfundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja stúdentaráðsliðar sem hafa yfir að ráða 2/3 atkvæða í félaginu að minnsta kosti.
- Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja stúdentaráðsliðar sem ráða yfir helmingi atkvæða í félaginu hið minnsta.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 8. gr. *Atkvæðagreiðsla*

- Hver stúdentaráðsliði fer með eitt atkvæði.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

III. kafli. Stjórn Stúdentaráðs

Í þessum kafla er farið inn á umboð stjórnar til að taka ákvarðanir um minni málefni sem varða takmarkað stúdentaráðsfundi, hvernig er skipað í stjórn og hvernig stjórnarfundur telst lögmætur. Engar breytingar liggja fyrir frá fyrri samþykktum.

▪ 9. gr. *Skipan stjórnar*

- Stjórn félagsins skal skipuð forseta, varaforseta og forsetum allra sviðsráða. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli stúdentaráðsfunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Nú hefur fylking fulltrúa í Stúdentaráði engan fulltrúa í stjórn, og skal hún þá hafa áheyrnaraðild að stjórn.
- Forseta ber að veita stjórnarmönnum, endurskoðendum eða skoðunarmönnum, allar upplýsingar um rekstur og starfsemi félagsins sem þeir kunna að óska eftir eða veita ber samkvæmt lögum eða þessum samþykktum.
 - Meirihluti atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði forseta afgreiðslu mála.
 - Undirskriftir fjögurra stjórnarmanna skuldbinda félagið, enda hafi stjórnarfundur ályktað um það.
 - Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.
 - Stjórn getur þó aðeins skuldbundið félagið með verulegri og óvenjulegri ráðstöfun, sé það samþykkt á stúdentaráðsfundi.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 10. gr. *Fundir stjórnar*

- Stjórnarfundir eru lögmætir ef þeir hafa verið réttilega boðaðir samkvæmt þessari grein og fjórir stjórnarmenn sækja fund.
 - Framkvæmdastjóri skal halda fundargerð um stjórnarfund.
- Forseti boðar til stjórnarfunda með tölvupósti eða með öðrum jafnsannalegum hætti. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

IV. kafli. Skrifstofa

Tillagan ber ekki með sér neinar breytingar á kaflanum um skrifstofu.

▪ 11. gr. Hlutverk skrifstofu

- Fulltrúar Stúdentaráðs á skrifstofu ráðsins fara með daglegan rekstur Stúdentaráðs og hafa umsjón með framkvæmdum ráðsins.
- Fulltrúar á skrifstofu Stúdentaráðs sækja umboð sitt til Stúdentaráðs og stjórnar Stúdentaráðs og lúta ákvörðunum þeirra.
- Á skrifstofu Stúdentaráðs starfa forseti, varaforseti, framkvæmdastjóri, hagsmunafulltrúi, menntasjóðsfulltrúi, alþjóðafulltrúi og ritari.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 12. gr. Skipan skrifstofu

- Forseti, varaforseti, hagsmunafulltrúi og menntasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs skulu kjörnir á kjörfundi, samkvæmt ákvæðum um kjörfund.
- Aðrir fulltrúar á skrifstofu Stúdentaráðs eru ráðnir af Stúdentaráði. Forseti og oddvitar þeirra fylkinga er eiga fulltrúa í Stúdentaráði skipa ráðningarnefnd sem fer fyrir ráðningarferli fulltrúanna. Varafulltrúar oddvita í ráðningarnefnd eru fyrirsvarsmenn fylkinganna. Ráðningarnefnd leggur tillögu um ráðningu hvers fulltrúa fyrir stjórn Stúdentaráðs sem staðfestir tillögu nefndarinnar. Stjórn Stúdentaráðs upplýsir um ráðninguna á næsta fundi ráðsins.
- Auglýsa þarf störf fulltrúa samkvæmt þessari grein laus til umsóknar, með skýrum hætti m.a. á opinberu vefsvæði Stúdentaráðs og með tölvupósti til stúdenta, minnst viku áður en umsóknarfrestur líður.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 13. gr. Forseti

- Forseti hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða rekstur eða starfsemi þess.
- Forseti sækir umboð sitt til Stúdentaráðs og til stjórnar þess og getur einungis skuldbundið félagið að því leyti sem stjórn eða Stúdentaráð fela honum umboð til þess.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 14. gr. Varaforseti

- Við forföll forseta skal varaforseti Stúdentaráðs almennt vera staðgengill hans.
- Hlutverk varaforseta felst einnig í því að vera helsti tengiliður Stúdentaráðs við fastanefndir Stúdentaráðs, og önnur nemendafélög innan háskólans, og veita þeim aðstoð eftir því sem þurfa þykir.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 15. gr. Hagsmunafulltrúi

- Hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs veitir hverjum stúdent sem til hans leitar liðsinni í málum er snúa að rétti þeirra, einkum gagnvart háskólanum.
- Hagsmunafulltrúa er heimil hagsmunagæsla í umboði þeirra stúdenta sem leita til hans, að því leyti sem telst eðlilegt.

- Málaskrá skal haldin um þau hagsmunamál stúdenta sem hagsmunafulltrúi sinnir.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 16. gr. Menntasjóðsfulltrúi

- Menntasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs fer fyrir og stendur vörð um hagsmuni stúdenta í málum er snúa að Menntasjóði námsmanna.
 - Stúdentaráð tilnefnir menntasjóðsfulltrúa í stjórn Menntasjóðs námsmanna..
- Menntasjóðsfulltrúa er heimil hagsmunagæsla í umboði þeirra stúdenta sem leita til hans, að því leyti sem það telst eðlilegt.
 - Forseta, í umboði stjórnar Stúdentaráðs, er heimilt að semja við Menntasjóð námsmanna um að menntasjóðsfulltrúi gegni þjónustuhlutverki við stúdenta. Forseta er einnig heimilt að semja um að þjónustuhlutverk menntasjóðsfulltrúa nái til atvika eða mála utan Háskóla Íslands.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 17. gr. Framkvæmdastjóri

- Framkvæmdastjóri fer með fjármuni félagsins, og sér til þess að ráðið sé í stakk búið til að standast við fjárhagslegar skuldbindingar, auk þess að fara með önnur verkefni sem forseti felur honum.
- Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á rekstrarreikningi ráðsins og skilagreinum þess. Framkvæmdastjóri skal tryggja að opinberar skráningar og bókhald sé í samræmi við lög.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 18. gr. Alþjóðafulltrúi

- Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs fer fyrir og stendur vörð um hagsmuni erlendra stúdenta innan Háskóla Íslands.
 - Forseta, í umboði stjórnar Stúdentaráðs, er heimilt að semja við Háskóla Íslands um störf og skyldur alþjóðafulltrúa.
 - Alþjóðafulltrúi er fulltrúi Stúdentaráðs í Aurora, samstarfsneti háskóla í Evrópu.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

▪ 19. gr. Ritstjóri

- Ritstjóri Stúdentaráðs hefur yfirumsjón með útgáfu Stúdentaráðs, í riti og á vef.

Engin breyting frá fyrri samþykktum.

V. kafli. Sviðsráð

Engar tillögur liggja

VI. kafli. Nefndir

Lagaráð telur að mikilvægt sé að sérkafli gildi um nefndir. Engar tillögur liggja fyrir að svo stöddu.

VII. kafli. Kosningar

Lagaráð telur að mikilvægt sé að sérkafla gildi um kosningar. Engar tillögur liggja fyrir að svo stöddu.

▪ 20. gr. *Almennt um kosningar*

- Á vorönn skulu kjörnir fulltrúar af öllum sviðum háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skulu auk þess kjörnir fjórir fulltrúar nemenda í háskólaráð, tveir aðalfulltrúar og tveir varafulltrúar. Sú kosning skal fara fram samhliða kosningum til Stúdentaráðs.
- Kosningar skulu fara fram rafrænt og standa yfir í tvo sólarhringa. Kjörstjórn getur þó tekið ákvörðun um að kosning skuli einnig fara fram innan veggja háskólans.
- Með kosningum í þessum kafla er átt við kosningar til Stúdentaráðs og til Háskólaráðs, nema annað sé tekið fram.

Efnisregla 1. másl. 1. mgr. 20. gr. er samhljóða 1. másl. a-liðar 31. gr. eldri laga. Ákvæði 2. mgr. er nýmæli að því leyti til að kjörstjórn er heimilt að kosning geti einnig farið fram innan veggja skólans, en lagaráð telur slíka heimild geta ýtt undir aukna kjörsókn og áhuga á kosningunum. Mikilvægt er þó að tryggt sé heilindi og öryggi staðkosninga ákveði kjörstjórn að hún eigi að fara fram. Ákvæði 3. mgr. er til skýringar.

▪ 21. gr. *Kosningaréttur*

- Kosningarétt hafa allir sem skráðir hafa verið til náms á yfirstandandi skólaári á viðkomandi fræðasviði.
- Hver sá sem á kosningarétt hefur einungis eitt atkvæði í kosningum. Hið sama gildir um kosningu til háskólaráðs. Sé nemandi skráður til náms á fleiri en einu fræðasviði getur hann aðeins boðið sig fram og kosið á einu sviði.
- Enginn getur neytt kosningaréttar nema nafn hans sé á kjörskrá þegar kosning fer fram.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru efnislega samhljóða 1. másl. b-liðar 31. gr. eldri laga. Ákvæði 3. mgr. er nýmæli til skýringar.

▪ 22. gr. *Kjörgengi*

- Kjörgengur einstaklingur er hver sá sem á kosningarétt skv. 21. gr. samþykktanna.
- Framboð til Stúdentaráðs skal innihalda framboðslista sem samanstendur af minnst tveimur frambjóðendum og mest þeim fjölda fulltrúa sem taka munu sæti í Stúdentaráði á viðkomandi sviði, auk varamanna. Framboð til háskólaráðs skulu vera framboðslistar sem samstanda af fjórum frambjóðendum.
 - Frambjóðendur taka sæti eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir.
- Kjörgengur einstaklingur getur þó boðið sig fram til Stúdentaráðs án þess að vera á framboðslista.

Ákvæði 22. gr. er skýrari útfærsla á ákvæði c-liðar 31. gr. eldri laganna, en þó bætist við sú efnisregla að framboðslisti getur mest verið sá fjöldi fulltrúa sem taka munu sæti í Stúdentaráði, auk varamanna, en nú gildir að framboðslistar eru að hámarki fjöldi aðalfulltrúa í Stúdentaráði á viðkomandi sviði. Þar að auki er skýrt að frambjóðendur taki sæti eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir, en lagaráð telur það réttarástand sem ríkir núna, þar sem verulega óskýrt er hvernig varafulltrúar skulu skipaðir, vera ekki til þess fallið að vekja traust á störfum Stúdentaráðs.

▪ 23. gr. *Framkvæmd kosninga*

- Kjölfundur skal fara fram eigi síðar en 1. apríl ár hvert, samkvæmt ákvörðun kjörstjórnar. Ákvörðun kjörstjórnar skal auglýst eigi síðar en 1. janúar.

□ Kjörstjórn er heimilt að ákveða að kjörfundur skulu fara fram á öðrum tíma en segir í 1. mgr. enda séu óviðráðanlegar aðstæður sem hindra að kosning geti farið fram fyrir þann tíma. Einnig getur kjörstjórn litið til ytri aðstæðna sem telja megi draga úr kjörsókn. Ákvörðun kjörstjórn samkvæmt þessari grein getur þó aldrei frestað kjörfundi lengur en þremur vikum eftir að frestur skv. 1. mgr. rennur út.

Nýmæli í lögnum, en hvergi var að finna í eldri lögum ramma sem kosningar skulu fara fram. Þar sem ramma er slegið föstu taldi lagaráð að einnig yrði sett heimild fyrir kjörstjórn til að fara út fyrir þann ramma sem settur er í 1. mgr.

▪ 24. gr. Framboð

- Kjörstjórn skal tryggja að framboðsfrestur og skilyrði fyrir kjörgengi séu auglýst í tæka tíð. Framboðsfrestur skal vara eigi skemur en eina viku, og skal honum lokið eigi síður en 10 dögum fyrir kjörfund.
- Framboðum skal skilað skriflega. Hverju framboði skal fylgja skriflegt samþykki allra þeirra sem í framboði eru, því til staðfestingar.
- Frambjóðendur skulu hafa jöfn tækifæri til að kynna sín málefni og efna til kosningabaráttu að því sem eðlilegt getur talist.
 - Hver fylking sem býður fram til kosninga skal tilnefna umboðsmann sem ábyrgur er fyrir framboðinu gagnvart kjörstjórn. Umboðsmaður skal skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að gætt verði að framkvæmd kosninganna, trúnaði og að farið verði eftir reglum um kosningar í hvívetna.

Ákvæði 24. gr. er nýmæli, en voru efnisreglur þess ákvæðis þó að finna á víð og dreif í eldri lögum. 3. mgr. er í raun eina nýja efnisreglan í 24. gr., en ákvæðið er að mestu leyti markmiðákvæði til að tryggja jafnræði meðal framboða. Þá er sérstaklega átt við ef Stúdentaráð kynnir kosningarnar, að þá gildi jafnt fyrir öll framboð um rétt til að fá að kynna sín málefni og koma sínu framboði á framfæri.

▪ 25. gr. Kosningaefirlit

- Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja lögmæti kosninganna.
- Kjörstjórn getur kallað til óháða aðila til að hafa eftirlit með kosningum.
- Mæta skal öllum áhyggjum af kosningasvikum með viðeigandi rannsóknnum og úrræðum eftir atvikum, þar sem niðurstaðan skal birt opinberlega.

Þó að um nýmæli sé að ræða gilda þessar reglur að mati lagaráðs í núgildandi lögum, en þó með óskýrum hætti.

▪ 26. gr. Talning atkvæða

- Að afloknum kosningum telur kjörstjórn atkvæði og úrskurðar hverjir teljist réttkjörnir samkvæmt lögum þessum og almennum reglum um lýðræðislegar kosningar.
- Á hverju sviði skal reikna kosningaúrslit með þeim hætti að fyrir hvern kjósanda sem kys frambjóðanda í tiltekið sæti á ákveðnu sviði í Stúdentaráði, fær viðkomandi frambjóðandi eftirfarandi fjölda atkvæða:
 - i. Eitt stig fyrir 1. sæti.
 - ii. ½ stig fyrir 2. sæti.
 - iii. ⅓ stig fyrir 3. sæti o.s.frv.
- Þeir frambjóðendur sem hljóta flest atkvæði á hverju sviði samkvæmt þessari talningu hljóta sæti sem aðalfulltrúar í Stúdentaráði fyrir viðkomandi fræðasvið. Þeir sem næstir koma á viðkomandi framboðslista skulu vera varafulltrúar aðalfulltrúa, jafnir að tölu og aðalfulltrúar.
- Sömu reglur skulu gilda um talningu atkvæða í kosningu til Háskólaráðs eftir því sem við á.

Efnislega samhljóða þeim reglum sem gilda um talningu atkvæða í gildandi lögum. Sbr. þó 36. gr. samþykktanna.

VIII. kafli. Kjörstjórn

Lagaráð taldi mikilvægt að bæta við sér kafla um kjörstjórn, um skyldur hennar og ábyrgð. Kaflinn er augljóslega samofinn VII. kafla um kosningar, en þó miðar meira að störfum kjörstjórnar.

▪ 27. gr. Skipun kjörstjórnar

- Stúdentaráð kýs fyrir 1. janúar ár hvert kjörstjórn til að sjá um kosningar til Stúdentaráðs. Annað hvert ár skal sú kjörstjórn einnig sjá um kosningar til háskólaráðs.
- Kjörstjórn skal skipuð af Stúdentaráði og samanstendur af óháðum aðilum sem hafa ekki hagsmuna að gæta í kosningunum. Hver fylking tilnefnir tvo fulltrúa í kjörstjórn, sem Stúdentaráð staðfestir. Stúdentaráð kýs sérstaklega um oddvita kjörstjórnar.
 - Fulltrúa með sæti í Stúdentaráði, háskólaráði eða frambjóðanda er óheimilt að taka sæti í kjörstjórn.

Ekki mikil breyting á eldri lögum, en þó frest til að skipa kjörstjórn seinkað, og ákvæðið að öðru leyti skýrt.

▪ 28. gr. Hlutverk kjörstjórnar

- Kjörstjórn ræður sínum málefnum sjálf, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum þessum. Nú falla atkvæði jafnt á fundi kjörstjórnar, og ræður þá atkvæði oddvita úrslitum.
- Kjörstjórn ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd kosninga, þar með talið móttöku framboða, auglýsingu framboðsfrests og kynningu á reglum um kosningar.
 - Kjörstjórn skal sjá til þess að framboðsfrestur og kjördagar séu tilkynntir með nægum fyrirvara.
- Á meðan á kosningum stendur ber kjörstjórn ábyrgð á eftirliti kosninga, öryggi kosningakerfisins og lögmæti kosninganna.
 - Kjörstjórn skal tryggja að kosningar séu í samræmi við samþykktir Stúdentaráðs og íslensk lög.

Almennt ákvæði um skyldur og ábyrgð kjörstjórnar.

▪ 29. gr. Lögmæti framboða

- Kjörstjórn skal taka við öllum framboðum, staðfesta lögmæti þeirra og tryggja að þau uppfylli skilyrði fyrir kjörgengi.
- Ef framboð uppfyllir ekki skilyrði kjörgengis, skal kjörstjórn tilkynna frambjóðanda um það eins fljótt og auðið er. Sé ókjörgengur aðili á framboðslista fylkingar, skal fylkingu veittur hóflegur frestur til að bæta úr þeim annmörkum. Sé framboðsfrestur liðinn skal þó aðeins veittur sólarhringsfrestur að hámarki.
 - Kjörstjórn skal birta framboð um leið og lögmæti þeirra hefur verið staðfest.

Almennt ákvæði um móttöku framboða og skýrt hvað skuli gert í þeim tilfellum þar sem framboðslisti er ókjörgengur. Þó er ítrekað að kjörstjórn ber skylda til að staðfesta lögmæti framboða áður en þau eru birt.

▪ 30. gr. Kvartanir og kærur

- Kjörstjórn skal hafa formlegt ferli til að taka á móti kvörtunum og kærum vegna kosninganna.
- Þær kvartanir sem berast skal skoða eins fljótt og unnt er, og skal ákvörðun kjörstjórnar birt fylkingum í framboði og þeim sem lagði fram kvörtunina.

- Ef kosningarnar eru taldar hafa farið fram með ólögmaetum hætti, hefur kjörstjórn heimild til að úrskurða um ógildingu kosninga og skipuleggja nýjar kosningar ef þörf er á. Sú ákvörðun skal borin undir Stúdentaráð til samþykktar eða synjunar, með 2/3 hluta atkvæða.

Nýmæli, en þó voru efnisreglur 1. og 2. mgr. að einhverju leyti í eldri lögum. Nýmæli í lögum um hvað skuli gera ef kemur upp vafi á lögmati kosninga.

▪ 31. gr. Úrslit kosninga

- Kjörstjórn skal birta sundurliðaðar niðurstöður kosninga innan tveggja vikna eftir að atkvæðagreiðsla fer fram, og skulu þær niðurstöður birtar opinberlega.
 - Kjörstjórn skal útbúa skýrslu um framkvæmd kosninganna og niðurstöður þeirra, sem lögð skal fyrir Stúdentaráð.

Skýring á þeim reglum sem gilda nú þegar.

▪ 32. gr. Vernd gagna og trúnaður

- Allar upplýsingar tengdar kosningunum, þar með talið atkvæði kjósenda, skulu njóta fyllsta trúnaðar.
- Persónugögnum sem safnað er í tengslum við kosningar skal meðhöndla í samræmi við lög um persónuvernd.
 - Kjörstjórn skal gæta þess að viðkvæmar upplýsingar séu einungis aðgengilegar þeim sem hafa leyfi til að vinna með þær.

Lagaráð telur mikilvægt að ítrekað sé mikilvægi þess að tryggt sé að þau gögn sem notuð eru, eða verða til við kosningar, séu meðhöndluð og eytt í samræmi við lög um persónuvernd.

▪ 33. gr. Dóknun og aðföng kjörstjórnar

- Stúdentaráð skal veita kjörstjórn þau aðföng og þann stuðning sem nauðsynleg eru fyrir framkvæmd kosninganna, þar með talið fjármagn til að ráða sérfræðinga ef þörf krefur.
- Kjörstjórn getur óskað eftir auknum stuðningi eða aðstoð við verkefni sem varða kosningarnar til að tryggja réttmæti og gagnsæi.

Frekari skýring á þeim reglum sem gilda nú þegar.

▪ 34. gr. Viðurlög

- Nú telur kjörstjórn frambjóðanda hafa brotið gegn lögum þessum og skal hann þá áminntur sérstaklega af kjörstjórn. Sé hinn brotlegi á framboðslista skal umboðsmaður hans einnig áminntur fyrir hönd listans.
- Kjörstjórn er heimilt að birta áminninguna opinberlega enda teljist brotið verulegt eða frambjóðandi hefur ítrekað brotið af sér.
 - Kjörstjórn er heimilt að úrskurða um að framboði verði vísað úr kosningum, í heild eða hluta, enda hafi frambjóðendur þess brotið verulega alvarlega af sér. Sú ákvörðun kjörstjórnar skal borin undir stúdentaráðsfund til staðfestingar innan tveggja sólarhringa. Ákvörðunin telst staðfest hafi allir atkvæðisbærir fundarmenn greitt atkvæði með staðfestingu. Nú er úrskurður um frávísun framboðs í heild eða hluta borin undir Stúdentaráðs og er þá kjörfundi frestað, en á fundi Stúdentaráðs er ákveðið hvenær skuli halda kjörfund, en ákvæði 23. gr. á ekki við um frestun samkvæmt þessari grein.

Nýmæli í lögnum, en lengi hafa komið upp sjónarmið um valdheimildir kjörstjórnar þegar frambjóðandi gerist brotlegt á lögum þessum. Í gildandi lögum eru einhverjar heimildir fyrir kjörstjórn til að áminna framboð opinberlega, en þó með kvöðum sem takmarka kjörstjórn um of. Þá er einnig að finna í 3. mgr. ákvæðisins algjört neyðarúrreiði, sem lagaráð telur mikilvægt að sé til staðar, en þó með þeim hætti að allir atkvæðisbærir fundarmenn stúdentaráðsfundar þurfa að greiða atkvæði með

staðfestingu á frávísun úr kosningum, í heild eða hluta. Um leið og úrskurður kjörstjórnar um frávísun liggur fyrir skal boða stúdentaráðsfund innan tveggja sólarhringa þar sem sú ákvörðun er staðfest eða ógild, en kjörfundi er frestað óháð þeirri ákvörðun. Stúdentaráð ákveður þá á þeim fundi nýja dagsetningu kjörfundar.

VII. kafli. Almenn ákvæði

Lagaráð telur mikilvægt að hafa kafla um almenn ákvæði sem ná ekki undir gildissvið hinna kaflanna.

▪ 35. gr. Breytingar á samþykktum

- Samþykktum þessum má breyta á lögsmætum Stúdentaráðsfundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.
 - Breytingar á samþykktum þessum taka þó ekki gildi fyrr en þau hafa verið birt á vefsíðu Stúdentaráðs.
 - Samþykktir þessar öðlast þegar gildi. Þar sem samþykktunum sleppir, koma eldri samþykktir til fyllingar.

Engin breyting á fyrri samþykktum.

▪ 36. gr. Bráðabirgðaákvæði

- Endurskoðun á ákvæði um talningu atkvæða skal tekin til skoðunar um leið og samþykktir þessar taka gildi. Niðurstaða endurskoðunar skal borin undir stúdentaráðsfund til samþykktar eða synjunar. Sömu reglur gilda um samþykkt eða synjun og um aðrar breytingar á samþykktum þessum samkvæmt 35. gr.

Þetta bráðabirgðaákvæði taldi lagaráð að væri mikilvægt að rati í samþykktir félagsins til að marka þá stefnu að þörf er á að endurskoða ákvæði um talningu atkvæða í ljósi þeirra misbresta sem talning getur falið með sér, m.t.t. til röðunar á lista og einstaklingsframboða. Nauðsyn er á því að fá mat sérfræðings á áhrifum þess á kosningar Stúdentaráðs og mismunandi leiðir kynntar ráðinu.